



Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun
Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

Ø (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 11. mars 2005
Tilvísun: UST20040600013/bs

Efnistaka á Blikastaðanesi, Mosfellsbæ. Matsskylda

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 7. mars sl. þar sem óskað er álíts Umhverfisstofnunar á því hvort ofangreind efnistaka skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Í greinargerð ÍAV sem fylgdi með ofangreindu erindi segir m.a.: "Samkvæmt jarðfræðiskýrslunni, er vinnanlegt berg allt frá yfirborði niður fyrir sjávarmál. Reynt verður að ná sem hæstu begstáli til að auka hagkvæmni vinnslunnar, en ekki er gert ráð fyrir að vinna námuna mikið niður fyrir kvóta +2,0 m."

Grunnflatarmál námusvæðisins er 38.000 m² og fyrirhugað er að vinna á þessu svæði minna en 150.000 m³, en efnistaka umfram það magn er ávallt háð mati á umhverfisáhrifum sbr. 21 tölulið 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Á korti ÍAV má sjá að námusvæðið nær yfir svæði sem er á milli hæðarlína +14 m og +10 m. Ef gert er ráð fyrir að þetta sé yfirborð vinnanlegs bergs (þ.e. engin ofanafytting), flatarmál námubotns sé 25.245 m² og að hæð námubotns sé í +2 m hæð þá er vinnanlegt berg í námunni miðað við þessar forsendur 252.450 m³.

Samkvæmt ofansögðu er umtalsverður munur á því efnismagni sem ÍAV fyrirhugar að vinna í nárnunni og því efnismagni sem virðist unnt að vinna á sama svæði miðað við þær forsendur sem fram koma í greinagerð ÍAV.

Í ljósi þessa misrämis, óskar Umhverfisstofnun eftir skýringum á hvernig fylgst verður með og tryggt að efnistaka verði ekki yfir 150.000 m³ og hvernig sú efnistaka samræmist nauðsynlegum aðgerðum varðandi framtíðarnotkun svæðisins, þ.e. nauðsynlegum jarðvegskiptum vegna byggingu golfvallarins á því svæði sem framkvæmdaraðili hefur afmarkað.

Virðingarfyllst
Björn Stefánsson
Björn Stefánsson

Helgi Jónasson
Helgi Jónasson
Forstöðumaður